

**FRAMSELD REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR
(ESB) 2024/2867****2025/EES/33/02****frá 2. september 2024****um breytingu á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/848 að því er varðar
framsetningu á kennimerki Evrópusambandsins fyrir lífræna framleiðslu (*)**

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/848 frá 30. maí 2018 um lífræna framleiðslu og merkingu lífrænt ræktaðra vara og um niðurfellingu á reglugerð ráðsins (EB) nr. 834/2007 ⁽¹⁾, einkum 6. mgr. 33. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í V. viðauka við reglugerð (ESB) 2018/848 eru settar fram fyrirmyndir að kennimerki Evrópusambandsins fyrir lífræna framleiðslu sem má nota, þ.m.t. svarthvít fyrirmynd. Þó er alveg viðsnúin hvít og svört (negatíf) fyrirmynd með eða án afmarkandi línu utan um kennimerkið ekki leyfð með beinum hætti. Í V. viðauka við reglugerð (ESB) 2018/848 ætti að kveða á um með beinum hætti að slík fyrirmynd sé einnig leyfð þar eð hún er svar við tæknilegri þörf á vettvangi.
- 2) Í V. viðauka við reglugerð (ESB) 2018/848 er kveðið á um litinn á grænu kennimerki Evrópusambandsins fyrir lífræna framleiðslu með viðmiðunarlit á Pantone-litaspjaldinu og í CMYK-litaskipaninni þar sem notaðar eru fjórar blekplötur: blá, blárauð, gul og svört. Einnig ætti að veita samsvarandi viðmiðun í RGB-litalíkaninu þar sem notaðir eru þrír frumlitir, þ.e. rauður, grænn og blár, til stafrænna nota.
- 3) Í V. viðauka við reglugerð (ESB) 2018/848 er kveðið á um að heimilt sé að nota afmarkandi línu utan um kennimerki þegar kennimerkið er á bakgrunni sem gerir það að verkum að erfitt er að sjá það. Til að tryggja að hlutföll hæðar/breiddar séu virt ætti alltaf nota afmarkandi línu þegar kennimerkið er á bakgrunni sem gerir það að verkum að erfitt er að sjá það.
- 4) Því ætti að breyta reglugerð (ESB) 2018/848 til samræmis við það.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Ákvæðum V. viðauka við reglugerð (ESB) 2018/848 er breytt í samræmi við viðaukann við þessa reglugerð.

*2. gr.*Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 2. september 2024.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Ursula VON DER LEYEN

forseti.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtið. ESB L, 2024/2867, 11.11.2024. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 90/2025 frá 8. maí 2025 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn (bíður birtingar).

(1) Stjtið. ESB L 150, 14.6.2018, bls. 1, ELI: <http://data.europa.eu/eli/reg/2018/848/oj>.

VIÐAUKI

Ákvæðum V. viðauka við reglugerð (ESB) 2018/848 er breytt sem hér segir:

1) Í stað liða 1.2 og 1.3 kemur eftirfarandi:

- „1.2. Viðmiðunarliturinn er grænn 50/0/100/0 í CMYK-lítalíkaninu, nr. 376 á Pantone-lítaspjaldinu og 169/201/56 í RGB-lítalíkaninu.
- 1.3. Einnig er heimilt að nota kennimerki Evrópusambandsins fyrir lífræna framleiðslu í svarthvítu eins og sýnt er hér á eftir eða alveg viðsnúið í hvítu og svörtu (negatíft snið) en einungis ef ekki er gerlegt að nota litasniðið:



2) Í stað liðar 1.5 kemur eftirfarandi:

- „1.5. Ef kennimerki er notað á bakgrunni sem gerir það að verkum að erfitt er að sjá það er heimilt að nota afmarkandi línu utan um kennimerkið til að auka andstæður við bakgrunnslitina.“
